

Stjórnir ungra Sjálfstæðismanna komu saman á kjördæmisþingi Sjálfstæðisflokksins í NA- kjördæmi sem var haldið á Mývatni um sl. helgi. Þingið var vel sótt og létu ungliðarnir ekki sitt eftir liggja og fjölmenntu á Mývatni.

Ungir Sjálfstæðismenn komu sér saman um að senda frá sér eftirfarandi sérálit við afgreiðslu ályktunnar á þinginu.

Skatta- og efnahagsmál

Undanfarin skref sem tekin hafa verið í átt að skattalækkunum eru að mati ungliða eingöngu þau frumskref í átt að efnahagslegum stöðugleika og uppbyggingu landsins sem þurfti að taka, en betur má ef duga skal. Greiða þarf úr flækjum þeim er ríkisvaldið hefur hnýtt í skattamálum og einfalda skattkerfið svo um munar. Flöt skattþrósenta er sú leið sem verður að fara að ígrunda alvarlega. Einnig er möguleikinn á útboðum og úthýsingu á opinberum rekstri með sértækum skattaívilnunum dæmi um það sem þarf að ná fram.

Orku- og umhverfismál

Sjálfbær nýting allra auðlinda er stefna sem ríkið þarf að taka fastari tókum. Sjávarútvegur, landbúnaður og raforkuframleiðsla á að búa þannig skilyrði að nýliðun geti orðið og að ekki verði bundin á klafa afturhaldshyggju og öfuga íhalds. Það þarf að taka þau skref að draga úr og endanlega hætta beinum styrkjum til handa frumatvinnugreinum.

Utanríkismál

Fríverslunarsamningar beggja vegna Atlantshafsins við Ísland er sú leið sem fara verður. Ekki á að hefta Ísland með bindingu við eitt markaðskerfi umfram annað. Skoða ber hvað gæti áunnist með því að gera Ísland að fríverslunarríki.

Samgöngumál

Hálendisleiðir uppbyggðar af einkaaðilum og sú stefna tekin að vegir teiknaðar með reglustiku séu í hávegum hafðir. Ótækt er að láta landsbyggðina sitja á haka steypugerðarmeistara höfuðborgarinnar og þeirra lítt ígrunduðu mislægu gatnamóta. Flugvöllur allra landsmanna á höfuðborgarsvæðinu á að vera staðsettur í Vatnsmýrinni.

Menntamál

Leikskólar og grunnskólar þurfa að fá tækifæri til að skapa sér sérstöðu og tryggja þarf að fjármagn geti komið frá einkaaðilum til reksturs þeirra. Sýnt er að sveitafélög eru misvel í stakk búin til að sinna þessum rekstri og þarf því að velta rækilega upp þeim valmöguleika að bjóða reksturinn alls staðar út til einkaaðila.

Framhaldsskólar þurfa einnig að fá svigrúm í lagaumhverfi til að aðgreina sig hver

frá öðrum og fagstéttir eiga að koma að grunnnámi í meira mæli. Á þetta ekki síst við á verknámsbrautum.

Háskóla þá sem starfræktir eru þarf að endurskoða rækilega, rekstrargrundvöll og framtíðarsýn. Tryggja þarf fjölbreytt námsframboð og gæðum náms verður að fylgja eftir með styrkri stjórn ríkiseftirlits. Að öðru leyti skal ríkið reyna að takmarka aðkomu sína að þeim málum.